



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Snotrunes-Framnes, endur- heimt votlendis

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Höfundar
Þuríður Elísa Harðardóttir

© 2023
Minjastofnun Íslands

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir
Landgræðslan

Öll réttindi áskilin

Ljósmynd á forsiðu
Loftmynd af Ólafsborg, tekin af Landgræðslunni

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	4
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	5
6.	Niðurstöður	6
7.	Heimildaskrá	8

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
2961

Tilgangur rannsóknar:
Vettvangskönnun vegna endurheimtar votlendis

Staðsetning:
Snotrunes og Framnes við Borgarfjörð eystri

GPS:
739059.2,571470.8

Dagsetning vettvangsferðar:
19.05.2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Fulltrúi Landgræðslunnar var í sambandi við minjavörð vegna fyrirhugaðrar endurheimt votlendis í landi Framness og Snotruness við Borgarfjörð eystri. Áformað er að fylla þar upp í nokkra skurði. Barst minjaverði hnitsetning skurðanna sem og myndir af svæðinu. Minjavörður var í kjölfarið í sambandi við einn eiganda Framness, Andrés Skúlason, til að fá frekar upplýsingar um svæðið. Er honum og bróður hans, Eyjólfí Skúlasyni færðar þakkir fyrir upplýsingar og myndefni.



Mynd 1 – Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Skurðir þar sem áformað er að fylla upp í eru rauðmerktir með fláka. Punktar sýna skráðar minjar.

2. Fyrri rannsóknir

Árið 1999 vann Fornleifastofnun Íslands ses. heimildarskráningu fyrir Borgarfjörð eystri þar sem helstu minjastaðir úr heimildum voru teknir saman (Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Árið 2018 vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu um hluta svæðisins vegna lagningar ljósleiðara (Kristborg Þórisdóttir, 2018). Nær sú skráning yfir hluta áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda endurheimt votlendis.

3. Staðhættir

Svæðið tilheyrði áður Snotrunesi en hennar er getið í Fljótsdælu. Jörðin hefur verið bændaeign frá fyrri tíð nema í nokkur ár eftir kreppuna á fjórða áratug.

Tvíbýli hefur verið á jörðinni og hér áður var þar hjáleiga. Samkvæmt heimildum er getið um bænhús á jörðinni. Framnes er nýbýli úr landi Snotruness og var stofnað 1958. Í heimildum er þess getið að land Framnes sé afhallandi mýrlendi og væri því auðvelt til framræslu og var því framræst árið 1956 (Ármann Halldórsson, 1975).

4. Rannsókn – aðferð

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir, s.s. túnakort, örnefnskrá, Sveitir og jarðir í Múlaþingi og eldri fornleifaskráningar. Einnig var minjavörður í samskiptum við einn eiganda Framnes þar sem honum bárust upplýsingar um minjar á svæðinu auk þess að fá meira myndefni.

5. Fornleifaskrá

2961:001

Ólafsborg. Hringlaga tóft sem gengur undir nafninu Ólafsborg. Sagan segir að þar hafi Desjamýrarprestarnir haft skýli fyrir sauði sína er þeim var beitt í Háukinn. Tóftin er greinileg en vel þýfð í miðjunni. Ekki var augljós innangangur en hann virðist hafa vera austan til. Í svæðisskráningu Borgarfjarðar eystra var tóftin með númerið NM-210:014



Mynd 2 - Ólafsborg

2961:002

Mögulegt garðlag var að greina við klett austan megin við skurð og við Ólafsborg 2961:001. Hlutverk minjanna liggur ekki fyrir en samkvæmt heimildarmanni kann hér um að vera rétt eða stekkur.



Mynd 3 – Mögulegt garðlag

2961:003

Eyvararstekkur. Heimildir segja að gamlar tóftir af stekk hafi verið vestan við Dalslækjarþýfi. Samkvæmt landeigendum er örnefnið skráð á vitlausum stað og eigi það að vera ofar. Ekki eru sjáanleg ummerki næst skurðinum um minjar. Skráningarpunktur er því aðeins leiðbeinandi. Í svæðisskráningu Borgarfjarðar eystra var staðurinn með númerið NM-210:006.

2961:004

Vegur. Eldri vegslóði að Snotrunesi er greinilegar á eldri loftmyndum en hann er ógreinilegri í dag. Hann liggur um

	vestanvert túnið sem kallast Mýrar og yfir Bröttubrárgil og þaðan í suður yfir Dalslkæjartungu og að Snotrunesi.
2961:005	Slóði. Vegslóði sem lá að fjárhúsum sem stóðu sunnan við Torflæk en voru rifinn á síðustu öld sökum riðu. Aðeins stendur súrheysturn þar eftir í dag.
2961:006	Grafir. Skammt utan við Torflæk er Leiti og kallast svæðið Mýrar sem nær þaðan að Dalslæk. Bakkarnir neðan við Mýrar heita Hvammar, ysti hluti Dalslkæjars horn; innst þar eru gamlar mógrafir sem kallast Grafir. Ekki voru að sjá skýr ummerki um mógrafir á svæðinu. Mögulega hafa þær farið undir tún þegar það var framræst. Á loftmynd má mögulega greina ummerki um þær en það er ekki ljóst. Skráningarpunktur er því aðeins leiðbeinandi. Í svæðisskráningu Borgarfjarðar eystri var staðurinn með númerið NM-210:005.

6. Niðurstöður

Alls voru sex fornleifar skráðar í nágrenni við skurðina sem áformað er að fylla til að endurheimta votlendi svæðisins. Nokkrar minjar eru í mikilli hættu vegna þessara framkvæmda sökum nálægðar þeirra við skurðina en allar teljast þær þó í hættu sökum nálægðar þeirra við framkvæmdarsvæðið. Staðsetning nokkurra minjastaða er óljós og er hún því gróflega afmörkuð.

Rétt er að vekja athygli á því að töluvert er um minjar utan skráningarsvæðis og því mikilvægt að fara með aðgát um svæðið. Einnig má nefna að rask norðan við Torflæk er síðan áformað var að reisa þar útihús en húsið reis aldrei þó byrjað hefði verið á jarðvinnunni.



Mynd 4 – Framkvæmdarsvæðið með minjum. Skurðir merktir með rauðri línu og ljósum fláka. Fornleifar með bleikum flákum og punktum.



Mynd 5 - Framkvæmdarsvæðið með minjum skráðum. Skurðir merktir með rauðri línu og ljósum fláka. Fornleifar með bleikum flákum og punktum.

7. Heimildaskrá

Andrés Skúlason Framnesi, munnleg heimild. 18. maí 2023.

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (II. bindi). Búnaðar-
samband Austurlands.

Kristborg Þórsdóttir. (2018). *Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri: Deili-
skráning á hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara* (nr.
FS709:18211). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn. [https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-
loftmyndasofn/loftmyndasafn](https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn)

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Borgar-
firði eystri. Svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Snotrunes. Tekið saman af Andrési B. Björnssyni. Örnefnastofnun
Íslands.

Myndaskrá

Mynd 1 – Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Skurðir þar sem áformað er að fylla upp í eru rauðmerktir með fláka. Punktur sýna skráðar minjar.....	4
Mynd 2 - Ólafsborg	5
Mynd 3 – Mögulegt garðlag.....	5
Mynd 4 – Framkvæmdarsvæðið með minjum. Skurðir merktir með rauðri línu og ljósum fláka. Fornleifar með bleikum flákum og punktum.	7
Mynd 5 - Framkvæmdarsvæðið með minjum skráðum. Skurðir merktir með rauðri línu og ljósum fláka. Fornleifar með bleikum flákum og punktum.....	7

Viðaukar

Landupplýsingagögn skráðra fornleifa